

HEIMAVIST MA OG VMA

Eyrarlandsvegur 28 • 600 Akureyri • sími 455-1600 • Fax 455-1601
www.heimavist.is • heimavist@heimavist.is • Kt. 630107-0160



Skýrsla fyrir skólaárið 2012-2013

Almennt

Lundur rekur nemendagarða fyrir báða framhaldsskólana á Akureyri; annars vegar í nýbyggingu Lundar og hins vegar í eldri byggingu sem áður hósti heimavist MA. Byggingarnar eru tengdar saman með björtu og rúmgóðu anddyri.

Lundur er sjálfseignarstofnun sem rekur nemendagarðana á grundvelli þjónustusamnings við menntamálaráðuneytið frá desember 2001. Samningurinn kveður á um að Lundur tryggi íbúum nemendagarðanna frambærilegt húsnæði til búsetu, öruggar og heimilislegar aðstæður ásamt eftirliti með íbúunum auk viðunandi þvottþjónustu og fullnægjandi mötuneytisaðstöðu. Með samningi við mötuneyti MA fól Lundur mötuneyti MA að reka mötuneyti og þvottahús á nemendagörðunum samkvæmt þjónustusamningi Lundar við menntamálaráðuneytið.

Á nemendagörðum Lundar er rými fyrir 333 íbúa og er þá miðað við að tvímennt sé í öll herbergi nýbyggingarinnar og í þrjú stærri herbergi á gömlu vistinni, en hefðbundnu herbergin á gömlu vistinni eru nýtt sem eins manns herbergi á veturna.

Skólaárið 2012-2013 var farið líkt og áður eftir þeirri reglu að tveir þriðju plásska kæmu í hlut MA og einn þriðji í hlut VMA, vegna fyrri húsakynna heimavistar MA.

Aðsókn

Líkt og undanfarin ár var aðsókn að nemendagörðunum umfram getu skólaárið 2012 til 2013 en vinnuregla skólanna við inntöku nemenda á garðana er að yngri nemendur hafi forgang. Þá hefur stjórn Lundar og skólameisturum þótt eðlilegt að vanda valið við inntöku nemenda og forðast ónýtt rými á gördunum. Því er sú krafa gerð gagnvart íbúum sem nýta sér búseturétt hjá Lundi, að þeir skuldbindi sig til að búa á gördunum yfir skólaárið meðan þeir halda eðlilegri náms framvindu. Nemendum sem hætta námi eða falla frá námi er þó unnt að segja upp húsaleigusamningi með stuttum fyrirvara.

Góð nýting nemendagarðanna er eðlileg krafa þegar umsóknir um búsetu á gördunum hafa verið töluvert umfram herbergjaframboð. Góð nýting er einnig mikilvæg fjárhagsleg forsenda garðanna og þar munar um hvert prósentustig.

Fjöldi íbúa

Á Heimavist MA og VMA voru við upphaf skóla haustið 2012 alls 330 nemendur eða 184 nemendur MA og 146 nemendur VMA.

Kynjahlutfallið skiptist þannig milli skólana: Hjá íbúum VMA voru alls 49% stúlkur og 51% piltar líkt og var árinu áður. Hjá MA voru 67% stúlkur á móti 33% pilta. Kynjahlutfall allra íbúa hefur verið nokkuð

svipað undanfarin ár en horfa þarf til ársins 2008 þegar piltar voru í meirihluta íbúa á heimavistinni. Þetta skólaár var engin undantekning, stúlkur á vist voru 59% íbúa meðan að drengir á vist voru 41%.

Ef skoðuð er tafla yfir aldursdreifingu íbúa við upphaf skóla haustið 2012 voru 68% allra nemenda ólögráða við upphaf skóla, 71% nemenda MA voru ólögráða meðan að 64% nemenda VMA voru ólögráða.

Aldursdreifing íbúa við upphaf skóla haustið 2012

	Aldursdreifing allra íbúa	Aldursdreifing MA íbúa	Aldursdreifing VMA íbúa
Íbúar fæddir árið 1997	3%	5%	1%
Íbúar fæddir árið 1996	37%	39%	34%
Íbúar fæddir árið 1995	28%	27%	29%
Íbúar fæddir árið 1994	20%	20%	20%
Íbúar fæddir árið 1993	11%	9%	13%
Íbúar fæddir árið 1992	1%		2%
Íbúar fæddir árið 1991			1%
	100%	100%	100%

Á hverju skólaári dvelja systkini á heimavistinni sem fá sérstakan systkinaafslátt af húsaleigunni. Skólaárið 2012 til 2013 bjuggu 40 systkini á görðunum.

Lögheimili nemenda

Íbúar nemandagarðanna sækja heimavistina víða að af landinu eins og eftirfarandi tafla sýnir en taflan birtir flokkun íbúa eftir lögheimilisskráningum í september 2012:

Skipting íbúa eftir skólum og lögheimili í upphafi skólaárs 2012

	VMA íbúar	MA íbúar	Allir íbúar
Suðvesturland og Suðurland	10%	15%	13%
Vesturland	1%	4%	3%
Vestfirðir	4%	1%	2%
Norðvesturland	36%	22%	28%
Eyjafjörður (þ.m.t. Siglufjörður)	10%	24%	18%
Norðausturland utan Eyjafjarðar	26%	24%	25%
Austurland	13%	9%	11%
Erlendis		1%	
	100%	100%	100%

Eins sjá má þá voru flestir nemendur sem sækja heimavistina frá Norðurlandi (Norðvesturlandi, Norðausturlandi utan Eyjafjarðar og frá Eyjafirði þ.m.t. Siglufirði). Flestir MA íbúar komu frá Eyjafirði og Norðausturlandi utan Eyjafjarðar en flestir VMA íbúar komu frá Norðvesturlandi.

Heimili íbúanna

Nemendagarðar Lundar eiga að vera tryggt og öruggt heimili íbúanna og er kappkostað að svo sé enda mikilvægt fyrir foreldra/forráðamenn nemenda að haft sé eftirlit með hegðan og líðan íbúanna eins og kostur er. Lögð er áhersla líkt og áður á að íbúar temji sér góða umgengni á vistinni, umhirðu herbergja sinna, virði næðistíma á næturna og að öll meðferð áfengis og fíkniefna sé stranglega bönnuð og varði brottrekstur.

Reglum og eftirliti með hegðan og líðan íbúanna var skólaárið 2012-2013 líkt og undanfarin ár fylgt eftir með uppbyggilegum ábendingum og afskiptum eftir þörfum.

Hjúkrunarfræðingur hafði líkt og fyrri skólaár reglulega viðtalstíma á gördunum, veitti íbúum aðstoð og liðsinnti um frekari heilbrigðisþjónustu ef á þurfti að halda.

Hagsmunamál íbúa

Íbúar kjósa sér hagsmunaráð heimavistarinnar, öðru nafni heimavistarráð. Heimavistarráð starfaði með Heimavistarstjóra og öðrum starfsmönnum og vann að framgangi sameiginlegra hagsmunamála íbúanna. Heimavistarráð skipulagði einnig félagsstarf og vann að undirbúningi viðburða á gördunum. Á skólaárinu 2012-2013 stóð heimavistarráð fyrir: Jólaföndri, laufabrauðsgerð, jólahlaðborði, þorrablóti, páskabingói, bíókvöldum, Pub Quis kvöldi og kvöldkaffi 20. mars þar sem heimavistarráðið bakaði og bauð upp á vöflur og skúffuköku. Heimavistarráð endaði vetrardagskrána með “stóru kvöldvökunni“ í Kvosinni þar sem boðið var upp á fjölbreytt skemmtiatriði, pizzur og íspinna.

Auk félagslegra viðburða stóð Heimavistarráð fyrir því að bæta sjónvarpsaðstöðu íbúa.

Agamál

Í samstarfi við skólameistara hefur Lundur mótað skýrar vinnureglur um meðferð og afleiðingar áfengisagabrot á gördunum. Viðurlögin við áfengisagabrotum fara eftir eðli brotanna en drykkja íbúa á gördunum er brottrekstrarsök. Þá hafa einnig verið mótaðar vinnureglur um meðferð og afleiðingar vímuefnanotkunar sem eru alvarlegustu brot á agareglum nemendagarðanna. Áhersla hefur verið lögð á samstarf við foreldra og forráðamenn þegar slík mál koma upp. Samkvæmt reynslu er mesta hættan á áfengisagabrotum á vorönn þegar dag tekur að lengja.

Skólaárið 2012 til 2013 var tveimur íbúum vikið af vist vegna áfengisagabrots.

Skipulags- og rekstrarmál.

Alls störfuðu níu starfsmenn á skólaárinu 2012-2013: tveir öryggisverðir á næturvakt, tveir starfsmenn á skiptum vöktum á daginn og kvöldin, einn starfsmaður á morgunvöktum og tveir starfsmenn sem sáu um öryggisvörslu, þrif o.fl. um helgar. Auk þjónustustjóra og heimavistarstjóra.

Á árinu unnu nokkrir íbúar á heimavistinni yfir vetrartímann. Starfið fólst í ýmis konar aðstoð við starfsmann á vakt s.s. við að ryksuga, fylla á lagera o.s.frv. Þrjú íbúar störfuðu yfir vetrartímann og unnu að jafnaði 2 klst. á viku.